

VLR-002	Verklagsreglur um Framkvæmdastjórn Stúdentafélags Háskólans á Akureyri	
Útg. 06		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 1		

1. gr.

Hlutverk

Verklagsreglur þessar eru settar í þeim tilgangi að tryggja jafnrétti og að ákvarðanir verði bæði markvissar og gagnsæjar. Verklagsreglur þessar eru settar í samræmi við 7. gr. samþykktar Stúdentafélags Háskólans á Akureyri og skulu fulltrúar framkvæmdastjórnar, sem starfa í umboði stúdentaráðs, starfa samkvæmt III. kafla samþykktar SHA og verklagsreglum þessum við framfylgd ákvarðana stúdentaráðs og daglega umsýslu félagsins.

2. gr.

Stjórnskipulag framkvæmdastjórnar

Sex embætti mynda framkvæmdastjórn: forseti, hagsmunafulltrúi, rekstrarstjóri, viðburðastjóri, alþjóðafulltrúi og samskiptafulltrúi. Framkvæmdastjórn starfar sem ein heild að svo miklu leyti sem verkefni falla utan skilgreiningar verksviða, sbr. 12. gr. samþykktar SHA.

3. gr.

Starfshættir framkvæmdastjórnar

Framkvæmdastjórn sér um daglega umsýslu félagsins, rekstur og móttöku réttindaskrifstofu ásamt framkvæmd þeirra verkefna og erinda sem henni er falið af stúdentaráði. Jafnframt getur framkvæmdastjórn tekið ákvarðanir og afgreitt mál innan þeirra marka er stúdentaráð ákvarðar hverju sinni.

Komi upp mál er tengjast einhverskonar ofbeldi, svo sem; áreitni, einelti, rasisma, hinseginfordómum eða öðru slíku, skal framkvæmdastjórn fara með málið líkt og segir í samþykktum SHA, leiðbeina aðila til stoðþjónustu eða fagraðs háskólans, eins og við á samkvæmt eðli máls.

VLR-002	Verklagsreglur um Framkvæmdastjórn Stúdentafélags Háskólans á Akureyri	
Útg. 06		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 2		

Framkvæmdastjórn er heimilt að kalla á sinn fund stúdenta háskólans, starfsmenn hans eða aðila að málum sem eru til umfjöllunar hverju sinni, eins og við á.

Fjárútlát og kostnaður vegna starfa framkvæmdastjórnar skal byggja á ramma samþykkrar fjárhagsáætlunar. Frávik skulu samþykkt af stúdentaráði ellegar teljast þau óheimil.

4. gr.

Vanhæfi og hagsmunaárekstrar

Við störf sín skulu meðlimir framkvæmdastjórnar gæta að hæfi við málsmeðferð. Meðlimur framkvæmdastjórnar telst vanhæfur hafi hann slík tengsl við mál eða aðila máls, sem er til meðferðar, að þau geti verið til þess fallin að hafa áhrif á meðferð og niðurstöðu þess.

Telji meðlimur framkvæmdastjórnar sig vanhæfan ber hann ábyrgð á að tilkynna það til aðila máls.

5. gr.

Trúnaðar- og þagnarskylda

Á fulltrúum í framkvæmdastjórn hvílir þagnarskylda um málefni félagsins og annað sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu í framkvæmdastjórn og leynt skal fara skv. lögum, eðli máls eða ákvörðun stúdentaráðs. Allir fulltrúar í framkvæmdastjórn skulu undirrita „YFL-001 Trúnaðar- og þagnarskylduyfirlýsing“ við upphaf starfa fyrir félagið, hafi þeir ekki gert það þá þegar. Þagnarskylda gildir jafnframt eftir að setu í framkvæmdastjórn er lokið. Þegar fulltrúi hættir í framkvæmdastjórn skal hann sjá um að gögn, sem hann hefur móttengið í sambandi við setu sína í framkvæmdastjórn, komist ekki í hendur óviðkomandi aðila. Meðferð persónuupplýsinga skal vera í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

VLR-002	Verklagsreglur um Framkvæmdastjórn Stúdentafélags Háskólans á Akureyri	
Útg. 06		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 3		

6. gr.

Helstu verkefni framkvæmdastjórnar

Framkvæmdastjórn sér um daglega umsýslu félagsins, rekstur og móttöku réttindaskrifstofu ásamt framkvæmd þeirra verkefna og ályktana sem henni eru falin af stúdentaráði auk þess að vera helsti tengiliður félagsins við Háskólann á Akureyri og aðila utan hans.

Framkvæmdastjórn heldur utan um fjármál félagsins, sér um að upplýsa stúdentaráð um fjárhagsstöðu þess með reglubundnum hætti ásamt því að tryggja að stúdentaráð hafi aðgang að gagnsæju og uppfærðu rekstraryfirliti. Framkvæmdastjórn leggur fram fjárhagsáætlun og skal bera hana undir stúdentaráð til umfjöllunar og samþykktar.

Framkvæmdastjórn undirbýr fundi stúdentaráðs, sendir út fundarboð og fundardagskrá sem og fundargögn. Hún hefur einnig milligöngu um að koma málum annarra á dagskrá stúdentaráðs. Framkvæmdastjórn skal jafnframt skipuleggja og boða almennan vinnufund félagsins að minnsta kosti einu sinni á skólaári.

Framkvæmdastjórn er tengiliður milli aðila innan félagsins. Hún vinnur náið með fastanefndum í málefnum þeirra. Einnig skal hún vera stúdentum sem sitja í nefndum og ráðum háskólans innan handar við störf þeirra. Framkvæmdastjórn skal jafnframt vera aðildarfélögum SHA til ráðgjafar og stuðnings vegna starfsemi þeirra eftir því sem þörf er á. Slíkur stuðningur getur meðal annars lotið að hagsmunagæslu, fjárhags- og starfsáætlanagerð og endurskoðun samþykktar aðildarfélaganna. Framkvæmdastjórn skal leitast við að styðja við sjálfstæði aðildarfélaga og efla færni þeirra til að sinna hlutverki sínu gagnvart félagsfólki.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á að skipa fulltrúa stúdenta í fulltrúaráð LÍS, stjórn FÉSTA, stjórn Góðvina Háskólans á Akureyri sem og varafulltrúa í háskólaráð til eins árs í senn í byrjun starfsárs.

VLR-002	Verklagsreglur um Framkvæmdastjórn Stúdentafélags Háskólans á Akureyri	
Útg. 06		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 4		

Framkvæmdastjórn sér um samskipti félagsins við stjórnsýslu Háskólans á Akureyri og háskólasamfélagið í heild. Framkvæmdastjórn skal sitja reglulega fundi með rektor þar sem farið er yfir mál sem liggja fyrir.

Framkvæmdastjórn hefur umsjón með rafrænu skjalasvæði félagsins sem geymt er á vefþjónum skólans. Hún sér til þess að skjöl félagsins séu uppfærð og vistuð á réttum stöðum, sem og á vefnum.

Framkvæmdastjórn uppfærir heimasíðu og miðla félagsins.

Framkvæmdastjórn skal leita samstarfssamninga hjá fyrirtækjum, endurnýja þá samninga sem við eiga og leita eftir fjármagni frá fyrirtækjum og stofnunum til rekstrar og viðburða á vegum félagsins.

Framkvæmdastjórn skal hafa frumkvæði af endurskoðun og uppfærslu samþykpta og verklagsreglna félagsins eins og þörf er á.

Í lok starfsárs útbýr framkvæmdastjórn ársskýrslu félagsins þar sem m.a. skal koma fram greinargerð um störf félagsins á árinu og ársreikningur, pistlar frá fulltrúum í ráðum og nefndum, ásamt ársskýrslum og ársreikningum aðildarfélaga.

Fráfarandi framkvæmdastjórn skal vera nýrri framkvæmdastjórn innan handar varðandi störf félagsins fram að skiptafundi stúdentaráða.

VLR-002	Verklagsreglur um Framkvæmdastjórn Stúdentafélags Háskólans á Akureyri	
Útg. 06		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 5		

7. gr.

Forseti

Forseti SHA er ábyrgðaraðili, skráður eigandi félagsins, annar tveggja prókúruhafa og helsti málsvari þess út á við. Forseti leiðir stúdentaráð, stýrir fundum félagsins og ber ábyrgð á því að stefnu þess sé framfylgt í samvinnu við aðra fulltrúa.

Forseti kemur fram fyrir hönd SHA, er talsmanneskja stúdenta við Háskólann á Akureyri, hefur yfirsýn yfir störf félagsins og ber ábyrgð á samhæfingu hlutverka innan framkvæmdastjórnar.

Forseti stýrir fundum stúdentaráðs og ber ábyrgð á að ákvörðunum þess og ályktunum sé framfylgt og komið á framfæri. Forseti skal eiga sæti á háskólafundi og koma þar fram fyrir hönd stúdentaráðs.

Forseta er heimilt að leggja einstök mál í rafræna atkvæðagreiðslu stúdentaráðs milli reglulegra funda, skv. samþykktum félagsins og ákvæðum í verklagsreglum er lúta að starfsemi stúdentaráðs.

Forseti undirbýr og skipuleggur dagskrá funda stúdentaráðs og ber ábyrgð á að fulltrúar ráðsins geti með sanni sinnt eftirlits- og ákvörðunarhlutverki sínu, byggt á gögnum og aðgengi að upplýsingum.

Helstu verkefni forseta

Forseti sér um, í samstarfi við aðra meðlimi framkvæmdastjórnar, daglega umsýslu félagsins, rekstur og móttöku réttindaskrifstofu ásamt framkvæmd þeirra verkefna og ályktana sem honum eru falin af stúdentaráði auk þess að vera helsta talsmanneskja félagsins út á við.

Forseti stýrir fundum félagsins eða sér til þess að fundarstjórn fari rétt fram í hans fjarveru.

VLR-002	Verklagsreglur um Framkvæmdastjórn Stúdentafélags Háskólans á Akureyri	
Útg. 06		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 6		

Forseti undirbýr fundi stúdentaráðs, sendir út fundarboð og fundardagskrá sem og fundargögn. Hann hefur einnig milligöngu um að koma málum annarra á dagskrá stúdentaráðs.

Forseti ber ábyrgð á skipulagi og boðun almenns vinnufundar félagsins að minnsta kosti einu sinni á skólaári.

Forseti ber ábyrgð á rekstri og virkni heimasíðu ásamt öðrum miðlum félagsins.

Forseti er tengiliður SHA við forseta og framkvæmdastjóra LÍS, eftir því sem við á, og ber ábyrgð á undirbúningi og utanumhaldi fastafulltrúa félagsins í fulltrúaráði LÍS.

Forseti er tengiliður við FÉSTA og ber ábyrgð á upplýsingaflæði, undirbúningi og utanumhaldi til og með fulltrúum SHA í stjórn félagsins.

8. gr.

Hagsmunafulltrúi

Hagsmunafulltrúi ber ábyrgð á réttindamálum og hagsmunagæslu stúdenta við HA og skal vera leiðandi í hagsmunagæslu stúdenta.

Hann skal vinna að því að efla inngildingu, jafnrétti og fjölbreytileika í starfi félagsins. Skal hann hafa frumkvæði að því að vekja athygli á brotalöllum hvað varðar réttindi og jafnrétti stúdenta, bæði innan SHA og HA.

Hagsmunafulltrúi skal leitast við að kynna félagsmönnum réttindi sín og halda þeim á lofti gagnvart HA og samfélaginu öllu.

VLR-002	Verklagsreglur um Framkvæmdastjórn Stúdentafélags Háskólans á Akureyri	
Útg. 06		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 7		

Hagsmunafulltrúi skal vera tengiliður SHA við jafnréttisfulltrúa LÍS og vinna að góðu samstarfi þar á milli.

Hagsmunafulltrúi er áheyrnarfulltrúi í jafnréttisráði og umhverfisráði og skal leitast við að styðja fulltrúa SHA í störfum sínum í ráðunum.

9. gr.

Rekstrarstjóri

Rekstrarstjóri ber ábyrgð á fjármálum, fjármögnun, eignum og samstarfssamningum SHA.

Rekstrarstjóri er annar tveggja prókúruhafa félagsins og hefur umsjón með daglegum fjármálarekstri, reikningum og innkaupakortum félagsins.

Fjárhagsáætlanir, bókhald og eftirfylgni með fjárhagslegum skuldbindingum eru á ábyrgð rekstrarstjóra sem sér til þess að stúdentaráð sé sannarlega upplýst um fjársýslu félagsins.

Rekstrarstjóri vinnur að tekjuöflun, samstarfssamningum og sjálfbærri fjármögnun félagsins í samstarfi við fjármálastjóra aðildarfélaga sem skulu halda sameiginlega samráðsfundi minnst tvisvar á hverju misseri.

Hlutverk og ábyrgð

Rekstrarstjóri ber ábyrgð á fjármálum, fjármögnun, eignum og samstarfssamningum SHA.

Rekstrarstjóri er annar prókúruhafa félagsins og hefur umsjón með daglegum fjármálarekstri, reikningum og innkaupakorti félagsins.

Fjárhagsáætlanir, bókhald og eftirfylgni með fjárhagslegum skuldbindingum eru á ábyrgð rekstrarstjóra sem ber að sjá til þess að stúdentaráð sé sannarlega upplýst um fjársýslu félagsins.

VLR-002	Verklagsreglur um Framkvæmdastjórn Stúdentafélags Háskólans á Akureyri	
Útg. 06		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 8		

Rekstrarstjóri vinnur að tekjuöflun, samstarfssamningum og sjálfbærri fjármögnun félagsins í samstarfi við fjármálastjóra aðildarfélaga sem skulu halda sameiginlega samráðsfundi minnst tvisvar á hverju misseri.

Valdheimildir

Rekstrarstjóra er ekki heimilt að skuldbinda félagið fjárhagslega nema með samþykki þriggja annarra aðila framkvæmdastjórnar. Ef fjárhagslegar skuldbindingar eru verulegar eða óvenjulegar skal leita samþykkis stúdentaráðs sbr. 5. gr. VLR-011.

Framkvæmdastjórn hefur heimild til samningsgerðar en aðeins forseti og rekstrarstjóri hafa undirritunarrétt fjárhagslega bindandi samninga fyrir hönd félagsins, sama gildir um rafrænar samþykktir. Rekstrarstjóri ber ábyrgð á varðveislu þeirra skjala.

Samskipti við stúdentaráð og stjórn

Rekstrarstjóri skal halda úti opnu rekstraryfirliti og ber að upplýsa stúdentaráð um fjármál félagsins, skal það gert með mánaðarlegri rekstrarskýrslu sbr. 4. gr. VLR-011. Ef um er að ræða brýn málefni skal fara fram rafræn atkvæðagreiðsla ef við á, eða aukafundur stúdentaráðs boðaður.

Stúdentaráð hefur eftirlitsskyldu gagnvart rekstrarstjóra sbr. 4. gr. VLR-011.

Rekstrarstjóra ber að gera og fara yfir ársskýrslu á aðalfundi félagsins.

Frávik frá fjárhagsáætlun og önnur áhættumál

VLR-002	Verklagsreglur um Framkvæmdastjórn Stúdentafélags Háskólans á Akureyri	
Útg. 06		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 9		

Rekstrarstjóri hefur ekki heimild til að starfa utan fjárhagsáætlunar nema að afla fyrst samþykki stúdentaráðs.

Forföll

Í fjarveru rekstrarstjóra ber forseti ábyrgð á ofangreindu.

10. gr.

Viðburðastjóri

Viðburðastjóri ber ábyrgð á menningar- og félagslífi stúdenta innan SHA.

Viðburðastjóri er formaður viðburðanefndar og leiðir skipulag, framkvæmd og þróun viðburða á vegum félagsins, þar á meðal stærri viðburða og reglulegs félagsstarfs.

Viðburðastjóri ber ábyrgð á faglegri viðburðastjórnun, öryggismálum á viðburðum í samstarfi við aðra fulltrúa og að viðburðahald endurspegli gildi félagsins um aðgengi, fjölbreytni og þátttöku stúdenta.

Viðburðastjóri undirbýr, skipuleggur og stýrir fundum viðburðanefndar, sendir út fundarboð og fundardagskrá. Viðburðastjóri ber ábyrgð á að ákvörðunum og ályktunum, sem upp geta komið, sé framfylgt og komið á framfæri.

Viðburðastjóri ber ábyrgð á því að fjárhags- og starfsáætlanir viðburðanefndar séu gerðar og bornar undir stúdentaráð, ásamt því að vinna í nánú samstarfi við rekstrarstjóra SHA.

VLR-002	Verklagsreglur um Framkvæmdastjórn Stúdentafélags Háskólans á Akureyri	
Útg. 06		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 10		

11. Gr.

Alþjóðafulltrúi

Alþjóðafulltrúi ber ábyrgð á félags- og hagsmunamálum erlendra stúdenta við skólann sem og hagsmunum þeirra stúdenta Háskólans á Akureyri sem eru í skipti- eða starfsnámi við erlenda samstarfsaðila.

Aðþjóðafulltrúi tekur að sér að kynna sér mál og ferli er varða erlenda nemendur hérlandis, innan skóla sem utan, og reynir eftir bestu getu að sinna hagsmunum þeirra í samstarfi við hagsmunafulltrúa SHA.

Alþjóðafulltrúi er formaður alþjóðanefndar, heldur utan um aðkomu stúdentafélagsins að kynningardegi skiptinema og sér til þess að þeir hafi greiðan aðgang að upplýsingum og háskólasamfélaginu í heild sinni.

Alþjóðafulltrúi skal í samstarfi við alþjóðanefnd standa fyrir viðburðum fyrir erlenda nemendur sem og sjá til þess að þeir hafi jafnan aðgang að SHA viðburðum, sérstaklega með tilliti til ólíkrar menningar og tungumálakunnáttu.

Alþjóðafulltrúi SHA er tengiliður félagsins við alþjóðafulltrúa LÍS og alþjóðaskrifstofu HA. Jafnframt skal alþjóðafulltrúi hafa frumkvæði að alþjóðlegum samskiptum og skipulagi samstarfs við erlend systurfélög ásamt því að vera helsti sendifulltrúi félagsins í alþjóðlegum samstarfsverkefnum.

VLR-002	Verklagsreglur um Framkvæmdastjórn Stúdentafélags Háskólans á Akureyri	
Útg. 06		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 11		

12. gr.

Samskiptafulltrúi

Samskiptafulltrúi ber ábyrgð á innra starfi SHA. Með innra starfi er meðal annars átt við eftirfylgd með skipan í trúnaðarstörf, ut anumhald um skráningu þeirra, trúnaðaryfirlýsingar og upplýsingamiðlun til stjórnsýslu HA og fræðasviða hans.

Samskiptafulltrúi skal stuðla að því að fulltrúar stúdenta hafi aðgang að þeim ráðum, nefndum og fundargögnum sem þeir þurfa til að sinna hlutverki sínu. Verði samskiptafulltrúi þess var að fulltrúar stúdenta hafi ekki viðeigandi aðgang, eða að upplýsingaflæði til þeirra sé ófullnægjandi, skal hann fylgja málinu eftir gagnvart viðeigandi aðilum innan háskólans.

Samskiptafulltrúi skal vera skilgreindur tengiliður SHA gagnvart stjórnsýslu Háskólans á Akureyri og fræðasviða hans. Honum ber að kynna sig fyrir sviðsstjórum stoð- og stjórnsýslu sem og stjórnnum fræðasviða í byrjun starfsárs og stuðla að skýru og virku upplýsingaflæði milli háskólans og fulltrúa stúdenta, þannig að upplýsingar, erindi og mál sem varða stúdenta berist réttum aðilum innan SHA.

Samskiptafulltrúi er tengiliður SHA við gæðastjóra LÍS eftir því sem við á.

Samskiptafulltrúi er ábyrgðaraðili Teams-svæðis fulltrúa stúdenta, Teams-svæðis stúdentafélagsins og Teams-svæðis framkvæmdastjórnar og skal fylgja því eftir að réttir aðilar hafi þar aðgang og að viðeigandi gögnum, skýrslum og öðrum gögnum sé skilað þangað inn í samræmi við verklagsreglur félagsins.

Samskiptafulltrúi tekur við sem fulltrúi stúdenta í háskólaráði í byrjun starfstímabils ráðsins í ágúst sama ár og hann hlýtur kjör og skal sitja í háskólaráði út starfstímabil þess. Fráfarandi fulltrúi skal nýta tímabilið frá stjórnarskiptum fram að upphafi nýs starfsárs háskólaráðs til að setja nýkjörinn samskiptafulltrúa inn í störf ráðsins, þau mál sem eru til meðferðar og helstu verklagshætti.

VLR-002	Verklagsreglur um Framkvæmdastjórn Stúdentafélags Háskólans á Akureyri	
Útg. 06		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 12		

Fráfarandi fulltrúi skal jafnframt, eftir því sem unnt er og í samráði við háskólaráð, leitast við að nýkjörnum samskiptafulltrúa verði boðið að sitja fund ráðsins sem áheyrnarfulltrúi áður en hann tekur formlega sæti í ráðinu.

Samskiptafulltrúi skal undirbúa sig vel fyrir fundi háskólaráðs og kynna sér þau mál sem þar eru til umfjöllunar eins og kostur er. Þegar mál varða tiltekna hópa stúdenta, námsleiðir eða deildir skal hann leitast við að afla sjónarmiða viðkomandi stúdenta eða fulltrúa þeirra, eftir því sem við þá, svo hann geti gætt hagsmuna stúdenta með upplýstum hætti. Við slíka ráðgjöf skal ávallt gæta trúnaðar um þau mál sem háð eru trúnaði innan háskólaráðs. Í háskólaráði skal samskiptafulltrúi halda hagsmunum stúdenta, og háskólans í heild, á lofti í umræðum og við ákvarðanatökur. Samskiptafulltrúa ber að miðla upplýsingum til framkvæmdastjórnar og stúdentaráðs um þau mál háskólaráðs sem hafa sérstaka þýðingu fyrir stúdenta, hagsmunagæslu SHA eða starfsemi félagsins, enda sé slík upplýsingamiðlun í samræmi við trúnaðarskyldu gagnvart háskólaráði. Eins skal samskiptafulltrúi skila fundargerðum háskólaráðsfunda inn á Teams-svæði framkvæmdastjórnar.

13. gr.

Þóknun

Framkvæmdastjórnarmeðlimir fá greidda þóknun fyrir störf sín í þágu félagsins. Upphæð þóknunarinnar er ákveðin af stúdentaráði. Fulltrúar framkvæmdastjórnar fá jafna þóknun fyrir störf sín, 100.000 kr. á mánuði. Þóknunin greiðist fyrir fram, í upphafi hvers mánaðar. Framkvæmdastjórn er ekki heimilt að þiggja þóknun frá félaginu fyrir önnur störf í þágu félagsins, nema með samþykki meirihluta stúdentaráðs. Þá skal ferða- og fundarkostnaður framkvæmdastjórnar vegna starfa sinna fyrir félagið greiddur af félaginu. Þessa grein skal taka fyrir á fundi stúdentaráðs ársfjórðungslega til endurskoðunar.

VLR-002	Verklagsreglur um Framkvæmdastjórn Stúdentafélags Háskólans á Akureyri	
Útg. 06		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 13		

14. gr.

Árangursmat

Fyrir lok hvers starfsárs skal framkvæmdastjórn taka saman greinargerð um störf sín á undangengnu starfsári, leggja mat á árangur og gera tillögur til úrbóta eftir því sem ástæða er til. Slíku mati er ætlað að bæta vinnubrögð og tryggja skilvirkni framkvæmdastjórnar. Greinargerðin skal birt að hluta eða í heild í ársskýrslu félagsins. Árangursmatið skal vistað í heild sinni í skjalasafni SHA.

15. gr.

Endurskoðun verklagsreglnanna

Verklagsreglur þessar eru settar af stúdentaráði Stúdentafélags Háskólans á Akureyri. Öllum þeim sem sinna trúnaðarstöfum fyrir SHA ber skylda til að kynna sér verklagsreglur SHA í upphafi starfstímabils síns. Verklagsreglurnar skulu endurskoðaðar í upphafi hvers starfsárs og eftir atvikum uppfærðar af stúdentaráði.